




Hafnarfjörður, 12. janúar 2026
2512326 AS

Umsögn skipulags

Efni: Suðurholt 2

Fyrirspurn: Strendingur ehf. fyrir hönd Mílu hf. óskar þann 9.12.2025 eftir að fá að reisa 16 metra háan stálstaur undir farnetssenda á milli núverandi húss á lóð og lóðarmarka í suður. Tilgangurinn er að styrkja farnetssamband á svæðinu. Með innleiðingu nýrrar tækni, svo sem 5G, og vaxandi kröfum um áreiðanlegt og öflugt samband fyrir farsíma og snjalltæki, er brýnt að efla innviði farnetsins með þéttara neti og fleiri sendistöðvum.

Staðsetning:



Skipulagsleg staða: Landnotkun fyrir lóðina er samfélagsþjónusta í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 en aðliggjandi er íbúðabyggð. Í gildi er deiliskipulag fyrir Hvaleyrarholt suð-vestur, staðfest 15.10.2002. Lóðin er skilgreind sem þjónustustofnaloð fyrir símstöð með byggingarreit fyrir húsið sem komið er. Á lóðinni fyrir aftan er Hvaleyrarskóli og íbúðarhús Suðurholt 4 liggur við hliðina til norðurs.

Umsögn: Nauðsynlegt er að bregðast við vaxandi þörf fyrir gagnaflutninga en í gildandi deiliskipulagi er ekki skýr heimild fyrir uppsetningu farnetssenda masturs, þó að það sé gert ráð fyrir slíku hlutverki á lóðinni.

Í fyrirspurninni kemur fram að Míla fylgir ströngustum kröfum um öryggi og geislavarnir í samræmi við *ICNIRP guidelines for limiting exposure to electromagnetic fields (100 HZ TO 300 GHZ)* því má gera ráð fyrir að engin heilsufarsleg áhætta stafi af mastriinu.

Reynsla skipulagsdeildar sýnir þó að við val á staðsetningu slíkra mastra þarf ávallt að gæta sérstakrar aðgæslu. Viðhorf lóðarhafa og nágretta lúta yfirleitt að óvissu eða áhyggjum vegna geislunar frá fjarskiptabúnaði, sem og áhrifa á útsýni og umhverfisgæði.

Lagt er til að staurinn/mastrið verði staðsettur sunnan við Suðurbraut, á afmarkaðri, u.þ.b. 60 m² lóð við Suðurbraut 2a (þar sem fyrir er stöð HS Veitna), innan svæðis sem markast af hvítu línunni. Það er óbyggt svæði samkvæmt gildandi Aðalskipulagi en fjarskiptamöstur eru skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir.

Skilgreining á óbyggðu svæði er skv. Skipulagsreglugerð 90/2013 „*svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.*“

Breyta þarf deiliskipulagi Hvaleyrarholts suð-vestur. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu, umfangi og stærð fjarskiptamastursins í samræmi við ákvæði gr. 5.3.2.1. og 5.3.2.15. skipulagsreglugerðar.

Niðurstaða: Tekið er undir að nauðsynlegt sé að bregðast við vaxandi þörf fyrir farnetsflutninga með uppsetningu á sendistöðvum. Hins vegar er ekki mælt með því að stálstaurinn verði reistur á lóð Mílu við Suðurlholt 2, vegna nálægðar við íbúðabyggð og skóla. Í stað þess er mælt með því að stofnuð verði lóð undir mastrið við Suðurlholt 2a.

Ef sátt er um ofangreint fyrirkomulag þarf að sækja um nýja lóð til bæjarráðs. Verði tekið jákvætt í stofnun slíkrar lóðar af bæjarráði, þarf að gera breytingu á deiliskipulagi þar sem skilgreind verða meðal annars afmörkun lóðar, byggingarreitur, hámarkshæð og aðrar skilmálar fyrir mastrið.

Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.

F.h. skipulagsfulltrúa

Anne Steinbrenner

Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs